

## UPPT2OF03

<b>Heiti áfanga</b>	UPPT2OF03 Skrifstofuforrit
<b>Áfanganúmer</b>	UPPT2OF03
<b>Námsgrein</b>	UPPT - Upplýsingatækni
<b>Stutt áfanga lýsing</b>	Þátttakendur fá þjálfun í ritvinnslu, töflureikni og gerð kynningarefnis. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Nemendur fá enn fremur stuttar kynningar á ýmsum möguleikum varðandi nám á netinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu.
<b>Innihald áfanga</b>	Ritvinnsla: Gerð algengra skjala, s.s. ritgerða, ferilskráa, auglýsinga. Töflureiknir: Almenn notkun, svo sem gerð eyðublaða, áætlana og útreikninga, bæði með reikningsaðgerðum og algengum tölfræðiföllum. Kynningarforrit: Gerð einfaldra kynninga, sem nota texta, myndir, myndskleið til að miðla efni bæði á pappír, skjá og á netinu. Annað: Ýmsar stuttar kynningar á áhugaverðu efni.
<b>Aðferðafræði</b>	Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar (að hluta með myndböndum) sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.
<b>Lokamarkmið</b>	Að þátttakendur þekki til og hafi vald á algengum verkfærum sem notuð eru í fyrirtækjum og skólum.
<b>Athugasemdir</b>	Áfanganum UPPT2OF05 (samsvarandi gamla UTN103) var skipt í tvo hluta. Þessi áfangi nær yfir fyrri hluta efnisins og leggur áherslu á góða almenna kunnáttu í skrifstofuforritum Microsoft Office.
<b>Prep</b>	2
<b>Einingar</b>	Áfanginn gefur 3 (f)einingar.
<b>Aðgreiningarbókstafur</b>	OF (Office)
<b>Dagsetning breytingar</b>	09.12.2019
<b>Útgáfunúmer</b>	01
<b>Forkröfur</b>	Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið áfanga UPPT1GR02.
<b>Höfundur</b>	Jón B Georgsson
<b>Vottunaraðili</b>	